

4 – Orð um orð



Sjá einnig fletturarnar [Viðurnefni](#) og [Lesbíur og kynvilla á vefnum Huldukonur.is](#)



Kynvitund, kynhneigð og kyneinkenni eru allt ný orð sem hafa komist í notkun á síðustu árum og áratugum. Þau eru notuð til að lýsa ólíkum hliðum á kyni og kynverund fólks. Kynvitund vísar til þess hvernig fólk upplifir eigið kyn, óháð því hvernig kynfæri þess líta út. Kynhneigð á við um það hverjum við löðumst að. Orðið kyneinkenni vísar til þeirra líkamlegu einkenna, til dæmis útlits kynfæra, vöðvabyggingar og hárvaxtar, sem eru algeng hjá fólki af tilteknu kyni. Sem dæmi má nefna að einstaklingur getur upplifað sig sem konu og laðast að konum en verið með ýmis kyneinkenni sem sum eru algengari hjá körlum en konum. Sú kona myndi í dag kannski vera lesbía (kynhneigð) og mögulega intersex (kyneinkenni). Ef henni var úthlutað karlkyni við fæðingu (skráð sem strákur) upplifir hún sig kannski sem trans (kynvitund). Ef þessi manneskja upplifir sig sem hvorki karl né konu myndi hán kannski segjast vera kynsegin (kynvitund) (sjá einnig **9. kafla: Lesbíur eða kynvillingar**).

Áður en öll þessi hugtök urðu til voru notuð önnur orð yfir fólk sem við myndum í dag kalla hinsegin. Þótt sum þeirra virðist vísa til þess sem við þekkjum nú sem kynhneigð, kynvitund og kyneinkenni liggur gjarnan annað þar að baki.

Til eru ýmsar frásagnir af konum sem voru „ekki eins og konur eru gerðar“ eða sagðar líkamlega skapaðar eins og karlmenn. Einnig eru til sögur af konum sem áttu að hafa getið börn með öðrum konum. Guðrún Þórðardóttir, sem var uppi við lok 17. aldar, var til dæmis talin óeðlileg vegna þess að fólk sagði að hún gæti ekki eignast börn. Ein sagan segir að hún hafi verið haldin *androgynus*. Það er latína og þýðir að kyn hennar hafi verið órætt eða ógreinilegt. Við fyrstu sýn virðist Guðrún því hafa verið intersex. Á þessum tíma var það hugtak samt ekki til og fólk hugsaði öðruvísi um kyn og kynvitund en nú á dögum. Þess vegna er erfitt að segja til um kyn Guðrúnar eða hvernig hún upplifði það.

Viðurnefnið „graða“ var einnig notað til að lýsa ýmsum þáttum í fari sumra kvenna. Graða-Helga, sem var uppi á 19. öld, fékk það viðurnefni vegna þess að önnur kona sagði að hún hefði getið barn með henni. Það sama var sagt um Guðrúnu Sveinbjarnardóttur, sem var stundum kölluð Graða-Gunna eða Guðrún karlmaður. Um hana gengu líka þær sögur að „kynferði“ hennar hefði verið rangt ákvarðað þegar hún var barn. Við vitum samt ekki hvað nákvæmlega var átt við með því. Önnur Graða-Helga kemur fram í þjóðsögu um vinnukonu sem var duglegri en karlar við vinnu. Sjókonan Þuríður Jónsdóttir var aftur á móti kölluð „gröð“ vegna þess að hún var sögð eiga í „óeðlilegu vinfengi“ við aðra sjókonu, Kristínu Einarsdóttur. Ýjað var að því að þær ættu í kynferðislegu sambandi (sjá **3. kafla: Sjókonur**).

Í þessum frásögnum vísar lýsingarorðið *gröð* til ýmissa ólíkra einkenna. Það þýðir stundum að kona hafi verið dugleg, sterk, afkastamikil og jafnoki karlmannna. En það merkir einnig að kona hafi getið barn með annarri konu, eða hafi sofist hjá og átt í óvenjulegu vinasambandi við aðra konu. Orðið *gröð* vísar því til margra eiginleika sem við erum nú vön að greina í sundur og kalla kynhneigð, kynvitund og kyneinkenni. Það sem konurnar áttu allar sameiginlegt var að hegðun þeirra eða einkenni voru tengd við karlmennsku og það sem þótti karlmannlegt.

Við gerum núna skýran greinarmun á líkamlegu kyni, kynvitund og kynhneigð en það er hugsunarháttur sem varð til á 20. og 21. öld. Við lítum svo á að kynhneigð hafi ekkert að gera með kyn eða kynvitund fólks – trans fólk geti laðast að fólki af öllum kynjum og það sama eigi við um sískynja fólk og intersex fólk. Fyrr á tímum var hins vegar stundum talið að þegar fólk laðaðist að sama kyni væri það „tvíkynja“ eða „fast í röngum líkama“. Til dæmis gæti karlkyns sál verið föst í kvenlíkama sem laðaðist þess vegna að konum. Slíkur hugsunarháttur gæti verið ástæða þess að orð eins og *gröð* voru notuð yfir marga ólíka eiginleika kvenna.



Hvað þýðir orðið *gröð*?

Orðið *gröð* hefur breytt um merkingu í gegnum aldirnar. Í dag þýðir það að manneskja sé lostafull eða hafi mikinn áhuga á kynlífi. Í orðabókarhandriti Jóns Ólafssonar úr Grunnavík frá miðri 18. öld (AM 433 fol 1, IV hluti) er orðið hins vegar útskýrt þannig á latínu: „Masculinæ natúræ, et in venerem pronus“. Það merkir „karlmannlegs eðlis, og hneigður til kynlífs“. Þetta sýnir að áður fyrr þýddi orðið líka að viðkomandi einstaklingur – karl eða kona – væri karlmannlegur í eðli sínu.

Verkefni



- » Af hverju haldið þið að orðið gröð hafi einu sinni þýtt bæði „karlmannlegur“ og „hneigður til kynlífs“? Hvað segir það okkur um hugmyndir samfélagsins á þeim tíma um kynlíf, kynlöngun og muninn á körlum og konum?
- » Settu þig í spor manneskju frá 19. öld. Í sveitinni þinni býr vinnukonan Guðrún sem fer á vertíð á hverju vori. Sögusagnir ganga um að þar eigi hún í „óeðlilegu vinfengi“ við Jónínu, vinnukonuna á næsta bæ. Hvernig myndir þú tala um þessar konur við sveitunga þína? Hvaða orð mynduð þið nota? Eru einhver orð sem við myndum nota um Guðrúnu og Jónínu í dag sem fólk á 19. öld þekkti ekki?